

15
13. jan.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn bæjarráði kaupstaðarins.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsa, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

3. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem svo er ástatt um, sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð $1\frac{1}{2}$ af þúsundi.

4. gr.

Fyrir öll önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- Fyrir vatn til skipa kr. 2.50 smál. við afhendingu. Þó sé aldrei greitt minna en kr. 3.00 fyrir fiskiskip og kr. 10.00 fyrir öll önnur skip.
- Fyrir vatn í sildar- og kjötpækil 5 aura fyrir hverja tunnu sildar eða kjöts.
- Fyrir vatn til saltfiskþvottar 15 aura á skpd.
- Fyrir vatn til fiskþvottar á nýjum fiski, frystihúsa og verksmiðjureksturs greiðist 50 aurar á smál. fyrstu 500 smál., 25 aura á smálest fyrir næstu 500 smálestir og úr því 10 aurar fyrir hverja smálest.
- Fyrir hvern vatnsmæli skal árgjald vera kr. 20.00.
- Fyrir vatn til þvotta á bílum greiðist kr. 1.00 í hvert sinn.

5. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 20%.

6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti húseigenda skal vera 1. júlí ár hvert, en á vatni til atvinnureksturs við lok hvers mánaðar. Vatn til skipa skal, eins og fyrr segir, greiða við afhendingu og einnig vatn til atvinnureksturs, sem starfar um stundarsakir. Vatnsskatt má taka lögtaki, og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

7. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg. Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. — Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

8. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

15

13. jan.

9. gr.

Bæjarráði, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau og mæla, er sett eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

10. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka í pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu. Svo og fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 103 26. október 1931, um notkun vatnsveitu og sölu vatns í Ísafjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt á Ísafirði nr. 61 29. apríl 1939.

16

14. jan.

1. gr.

Skatturinn samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar lækki um 1,5% í öllum skattflokkum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.